

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

Margar hendur vinna létt verk

Skýrsla formanns fræðslunefndar til umdæmisstjórnarfundar 26. nóvember 2011

Fræðslunefnd skipa: Andrés K. Hjaltason formaður
Hildisif Björgvinsdóttir
Benóný A. Guðmundsson
Bragi Eyjólfsson
Sigurgeir Aðalgeirsson
Emilía Dóra Guðbjartsdóttir þýddi efni á dönsku.

Í upphafi var ákveðið að koma öllu fræðsluefni á tölvutækt form og að fræðsla forseta yrði bæði sunnan og norðan heiða. Það var mikil vinna að koma öllu efni á tölvutækt form og eiga meðnefndarmenn mínir heiðurinn af því og kann ég þeim bestu þakkir fyrir.

Fræðsla svæðisstjóra var haldin 12. mars í Reykjavík, þangað mættu allir svæðisstjórar nema svæðisstjóri Færeyjasvæðis sem ekki átti heimangengt.

Forsetafræðsla var haldin í Reykjavík 2. apríl og á Akureyri 3. Apríl, 70% forseta sá sér fært að mæta á fræðsluna sem var mjög vel undirbúin og búið að leggja mikla vinnu í fræðsluefnið.

Fulltrúar frá Styrktarsjóðnum komu á fræðsluna og kynntu nýtt heimsverkefni. Á fræðsluna á Akureyri hefði ég viljað sjá fleiri forseta og félaga mæta. Það er til umhugsunar til framtíðar hvort ekki eigi að bjóða fleiri félögum að koma og sitja fræðslu eins og við höldum t.d. á Akureyri.

Á umdæmisþinginu á Höfn var fræðslunni skipt í þrennt, forseta, gjaldkera og ritarafræðslu.

Þátttakan var mjög góð og sátu fleiri fræðsluna en bara embættismenn. Emilía Dóra Guðbjartsdóttir þýddi fræðsluefni á dönsku og fengu færeysku fulltrúar það afhent og hefur það mælst vel fyrir. Allt fræðsluefnið er nú aðgengilegt á kiwanis.is.

Fræðslunefndin hefur fengið þó nokkrar fyrirspurnir um að koma í heimsókn og hafa fulltrúar úr nefndinni nú þegar heimsótt 4 klúbba og 1 klúbbur verður heimsóttur í næstu viku. Uppbygging og innra starf er það sem flestir klúbbar vilja fræðast um og ræða.

Ég vil þakka meðnefndarfólki mínu samstarfið og óeigingjarnt starf því mjög mikil vinna var lögð í allt efni og vonandi kominn grunnur af efni sem hægt er að byggja ofan á í framtíðinni.

Andrés K Hjaltason
formaður fræðslunefndar.

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

Margar hendur vinna létt verk

